



HÉRAÐSDÓMUR
VESTURLANDS

D Ó M U R

20. maí 2019

Mál nr. S-21/2019:

Ákærandi: Héraðssaksóknari

(Anna Barbara Andradóttir aðstoðarsaksóknari)

Ákærði: X

(Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður)

Dómari: Arngrímur Ísberg héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 20. maí 2019 í máli nr. S-21/2019:

Ákærvaldið

(Anna Barbara Andradóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 29. apríl síðastliðinn, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 31. janúar síðastliðinn, „á hendur X, kennitala ..., ..., ..., dvalarstaður fangelsið Hólmsheiði, fyrir tilraun til manndráps, með því að hafa laugardaginn 10. nóvember 2018, að ..., ..., stungið A... með hnífi, með 19,8 cm löngu blaði, hægra megin við brjóstkaða með þeim afleiðingum að A... hlaut um 3-4 cm breitt stungusár við fjórða og fimmta rifjabil fram hjá brjóstkaða og inn í breiðasta bakvöðvann og olli áverkinn m.a. skaða á tveimur litlum slagæðum með verulegri blæðingu.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A..., kennitala ..., er gerð krafa um að ákærða greiði honum miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000 og skaðabætur vegna sjúkrakostnaðar og munatjóns að fjárhæð 141.028 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 10. nóvember 2018 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Jafnframt er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Við aðalmeðferð krafðist réttargæslumaður brotþola þóknunar.

Ákærða neitar sök og krefst sýknu. Hún krefst þess að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Ákærða krefst þess aðallega að bótakröfunni verði vísað frá dómi en til vara að hún verði sýknuð af henni. Til þrautavara er þess krafist að krafan verði lækkuð.

II

Samkvæmt lögregluskýrslu eru málavextir þeir að klukkan 01:40 aðfaranótt nefnds dags var tilkynnt að mögulega væri búíð að stinga mann í húsi því sem í ákæru getur. Í skýrslunni segir að kvöldið áður hafi borist tilkynning til lögreglu um að ákærða væri að gæta barnabarns síns á heimilinu og væri ölvuð. Lögreglan fór á vettvang og hitti fyrir brotþola er sagðist hafa drukkið einn bjór en ákærða var greinilega mjög ölvuð, segir í skýrslunni. Barnabarnið kvaðst hins vegar ekkert óttast lengur þar eð brotþoli væri kominn heim, en hann er sambýlismaður móður barnsins sem er dóttir ákærðu.

Í skýrslunni er lýst komu lögreglumanna á vettvang um nóttina. Fyrir framan húsið hafi verið blóðdropar á gangstétt og eins á útihurð. Þegar inn var komið hafi mikið blóð sést á gangi. Brotþoli hafi komið út úr svefnherbergi í alblóðugum bol og hafi mátt sjá blóð fossa undan bolnum og í buxur hans, eins og segir í skýrslunni. Ákærða hafi komið út úr stofunni og segir í skýrslunni að mikið blóð hafi mátt sjá á buxum hennar. Hún var handtekin og handjárnuð. Hún veitti mótsþyrnu og segir í skýrslunni að eftir að hún hafði verið færð í lögreglubifreið hefði hún öskrað og sparkað. Haft er eftir ákærðu í skýrslunni að brotþoli hefði barið hana og hún þá tekið hníf og stungið hann. Þá er haft eftir ákærðu að hún ætlaði að drepa brotþola seinna og annan mann til. Ákærða var flutt á lögreglustöð og kom þangað læknir sem skoðaði hana og tók henni blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Í skýrslunni kemur og fram að búíð hafi verið að skera á hjólbarða bifreiðar brotþola sem var fyrir utan húsið og blóð hafi verið utan á bifreiðinni og eins inni í henni.

Í vottorði læknis sem skoðaði ákærðu á lögreglustöðinni þessa sömu nótt segir að hún hafi verið svolítið undir áhrifum en nánast í geðrofsástandi. Hún hafi sparkað í klefahurð og formælt lögreglumönnum, sem hafi sýnt henni kurteisi. Eftir nokkrar fortölur hefði ákærða róast og fallist á að læknirinn fengi að skoða hana. Í vottorðinu segir að hún hafi ekki verið áberandi ölvuð. Hún hafi verið aum í baki og eins hefði hún borið smávægilega áverka, líklega afleiðingar handtökunnar.

Réttarmeinafræðingur fór yfir læknisfræðileg gögn málsins sem varða ákærðu. Niðurstaða hans var að í gögnunum væri ekki lýst áverkum sem bentu til þess að ákærða hefði orðið fyrir árás.

Niðurstaða alkóhólrannsóknar sýndi að í blóði ákærðu voru 1,94‰ alkóhóls. Merki um önnur efni fundust ekki.

Brotapoli var fluttur á sjúkrahús og segir í vottorði læknis að hann hafi lyktað af áfengi en verið vel vakandi og viðræðugóður. „Hann er stöðugur í lífsmörkum, bæði blóðþrýsting og púls en kvartar yfir verkjum á stungustað. Við skoðun er hann með ca. 3-4 cm stungusár hæ. megin á brjóstakassa ca. á hæð við 4. rif. Blæðir töluvert frá þessu þegar þrýstingi er sleppt. Stungusárið er skoðað á bráðamóttöku og farið er inn með fingur og er þá hægt að þreifa inn í sárið og virðist það ganga beint aftur eins og hnífurinn hafi runnið eftir rifjunum án þess að fara inn í brjóstholið. Ekki að sjá útgöngusár á baki né aðra stunguáverka.“ Tekin var tölvusneiðmynd af brotapolu og sýndi hún „sárið á húð við rif 4-5 hæ. megin með blóðhlaupi í undirhúð aftur að bakvöðva (m. latissimus dorsi). Það var ekki að sjá loftbrjóst, vökva í fleiðru né áverka á lunga og því ekki merki um að hnífsstunga hafi náð inn fyrir brjóstakassa. Stunguáverkinn var talsvert neðan við holhönd og því ekki áverka á axlarslagæð.“ Brotapoli gekkst undir aðgerð á sjúkrahúsinu, sem tókst vel og útskrifaðist hann daginn eftir og leið þá ágætlega. Í lok vottorðsins segir: „Árásin var lífshættuleg og var það einungis heppni að hnífurinn gekk niður á rif og rann eftir rifjunum utan við brjóstholið en hefði auðveldlega getað farið milli rifja og inn í brjósthol þá með mun alvarlegri afleiðingum.“

Réttarmeinafræðingur fór yfir læknisfræðileg gögn málsins sem varða brotapolu. Í niðurstöðu hans segir: „Útlit áverkans eins og því er lýst í sjúkraskýrslum bendir sterklega til þess að hann hafi orðið við skarpan kraft og að hann sé stungusár, orsakað af beittu, aflöngu eggáhalði. Útlit áverkans og staðsetning, að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar áverkans á T-bolnum, samkvæmt skýrslu Tæknideildar, sem brotapoli mun hafa klæðst, bendir til þess að honum hafi verið veittur áverkinn af öðrum aðila og talar gegn því að áverkinn sé sjálfveittur.“

Niðurstaða alkóhólrannsóknar sýndi að í blóði brotapolu voru 0,88^o/oo alkóhóls. Þá fannst merki um lyf sem eingöngu er notað við svæfingar á sjúkrahúsum.

Tæknideild lögreglunnar rannsakaði vettvang, tók myndir og safnaði sýnum. Hald var lagt á hníf þann, sem lýst er í ákæru, og annan hníf. Einnig var fatnaður brotapolu haldlagður, svo og fatnaður ákærðu. Í niðurstöðum tæknideildar segir: „Blóðferlar á vettvangi eru í rökréttu samhengi við að upphafsstaður atlögu með eggvopni hafi verið í svefnherbergi íbúðarinnar á jarðhæð þar sem mest var af blóði á gólfi. Óslitin blóðslóð lá frá svefnherbergi um gang og forstofu út á gangstétt við húsið og einnig inn í stofu. Einnig var blóð utan á og innan í bifreiðinni (yfurfærslublettir og blóðdropar) og blóðugur hnífur í farþegaframsæti. Einnig var dropaslóð á jörðinni umhverfis bifreiðina. Þá var dropaslóð frá gólfi við útidyr þvottahúss inn í eldhús.“

Sýni sem tekin voru úr fatnaði ákærðu og brotapolu svo og stroksýni af hendi ákærðu og sýni úr bifreiðinni voru send í DNA-rannsókn. Alls voru þetta 26 sýni. Samkvæmt niðurstöðum

rannsóknarinnar var snið DNA-stroksýnisins hið sama og DNA-snið ákærðu. Öll önnur sýni reyndust hafa sama DNA snið og var það snið eins og DNA-snið brotaþola.

Að kröfu lögreglu voru dómkvaddir tveir matsmenn, geðlæknir og sálfræðingur, til að meta geðhagi ákærðu og sakhæfi. Það var niðurstaða þeirra að hún væri örugglega sakhæf. Hún hafi hvorki borið merki geðrofs né geðklofa fyrir, við eða eftir atburðinn. Hún eigi sér sögu um visst ofbeldi, tengt mikilli áfengisneyslu. Hún hafi áður drukkið sig ofurölvi þótt hún vilji ekki viðurkenna það, það er hún afneiti því. Hún sé hins vegar yfirleitt róleg og yfirveguð ef hún er edrú. Ákærða hafi „undirliggjandi vænisýki persónuleika (paranoid) og við álag, áföll eða ef einhver brýtur á rétti hennar eða barna hennar bregst hún harkalega við. Verður heftug og reið.“ Þá segir að ákærða hafi verið í óminnisástandi vegna mikillar áfengisdrykkju umræddan dag. Hún hafi verið reið brotaþola vegna peningamála. Hún hafi því haft ástæðu til að vinna honum „mein þegar hún var í ruglástandi og óminnisástandi af völdum drykkju.“ Ákærða var fyrst yfirheyrð af lögreglu síðdegis 10. nóvember. Hún kvað kunningja brotaþola hafa komið en brotaþoli hafi verið sofandi. Hún kvaðst hafa farið að vekja hann, en það hefði gengið erfiðlega. Hún kvaðst ekki hafa orðið vitni að samskiptum brotaþola og mannsins en hún hafi verið reið brotaþola vegna ummæla hans um sig fyrir um kvöldið. Hún hefði síðan verið í eldhúsinu og tekið eftir brotaþola fyrir aftan sig. Hún kvaðst hafa snúið sér við með hníf í hendi. Síðan sagði hún: „Annað hvort stóð hann eða var að labba að mér. Ég veit það ekki, af því að ég sneri mér við. Þetta var ekki það að ég hafi þú veist, stungið hann. Þetta er bara eins og hann hafi sjálfur farið í hann.“ Hún kvaðst ekki vita hvar hnífurinn hefði farið í brotaþola en það hefði örugglega ekki verið í brjóstakassann.

Ákærða var aftur yfirheyrð af lögreglu 20. nóvember. Hún ítrekaði fyrri framburð. Hún kvaðst ekki hafa verið ölvuð en hún hefði verið pirruð. Henni var kynntur framburður brotaþola og kvað hún hann ekki réttan.

Tekin var skýrsla af brotaþola 14. nóvember. Hann bar að ákærða hefði verið ölvuð að gæta barnabarns síns. Hann lýsti samskiptum sínum við ákærðu um kvöldið og því að hún hefði ásakað hann fyrir að hafa hringt á lögregluna fyrir um kvöldið. Brotaþoli sagðist hafa farið að sofa um klukkan 22:00 og sofið í um tvær klukkustundir. Þá hefði hann vaknað við að ákærða var komin inn í herbergið og aftur farið að ásaka hann fyrir að hafa hringt í lögregluna. Hann kvaðst hafa staðið upp og ætlað að koma ákærðu út úr herberginu en þá fundið fyrir stunguhöggi hægra megin í brjóstinu. Brotaþoli kvaðst ekki hafa séð ákærðu með hníf.

III

Við aðalmeðferð bar ákærða að brotaþoli hefði komið heim úr vinnunni og verið mjög pirraður. Hann hefði öskrað á hana og kallað hana nöfnum. Raunverulega kvaðst hún ekki vita hvort brotaþoli hefði verið í vinnu, hann hefði eins hafa getað verið í spílakössum.

Ákærða kvaðst hafa verið að gæta barns dóttur sinnar en dóttirin hefði verið í útlöndum. Hún kvaðst hafa verið búin að drekka tvo bjóra en hún gæti hafa drukkið meira þótt hún myndi það ekki. Hún kvaðst ekki hafa drukkið sterkt áfengi. Þegar ákærða var spurð um samskipti sín og brotþola í þetta skipti bar hún fyrst um fjárhagsmálefni hans og dóttur sinnar. Hún kvað sig og brotþola hafa rætt þessi mál og önnur sem snertu hann og dóttur ákærðu.

Ákærða var spurð um ákæruefnið. Hún kvaðst ekki muna eftir því að lögreglan hefði komið fyrir um kvöldið en hún hefði að vísu brugðið sér frá um stund. Hún neitaði að hafa rætt við lögregluna um kvöldið. Henni var bent á að lögreglan hefði komið að heimilinu um klukkan 19 og þá hefði hún verið mjög ölvuð. Hún kvaðst hafa verið pirruð og verið búin að drekka tvo bjóra. Þá var henni bent á framburð barnabarns síns er borið hefði um áfengisneyslu hennar. Hún svaraði því til að brotþoli hefði hringt í dóttur sína og hótað henni. Brotþoli hefði verið reiður vegna fjármálanna en þau hefðu ekki rifist um þau. Ákærða kvaðst ekki hafa haldið á hníf þetta kvöld. Spurð nánar um samskiptin við brotþola ítrekaði hún að hann hefði komið reiður heim, en að þau hefðu ekki rætt neitt saman. Hann hefði öskrað á hana og hefði hún því farið upp með barnið og verið þar. Brotþoli hefði orðið eftir niðri og eins hefði hann farið út. Hún kvaðst ekki hafa viljað sjá hann og ekki átt frekari samskipti við hann en heyrt í honum öskrin. Síðar um kvöldið kvaðst hún hafa séð mann koma inn í húsið, enda hefði brotþoli gleymt að læsa. Hún kvaðst ekki hafa þekkt manninn, en hann hefði komið til að hitta brotþola og þess vegna hefði hún reynt að vekja brotþola til að hann gæti tekið á móti manninum. Brotþoli hefði aftur orðið pirraður og byrjað að öskra. Hún kvaðst hafa farið aftur upp og þess vegna viti hún ekki hvort maðurinn hafi komið inn í húsið. Þá kvaðst hún ekki hafa farið út úr húsinu. Ákærða ítrekaði að hún hefði ekki komið nálægt ákærða með hníf en verið gæti að hann hefði komið inn í eldhúsið þar sem hún hefði verið með hníf að smyrja eitthvað eða skera. Hún kvaðst hins vegar hafa séð ákærða með hnífa í báðum höndum og hefði hann verið leita að einhverju undir sófa. Hann hefði borið á brotþola að hún hefði stolið einhverju eða falið eitthvað. Þá kvaðst hún hafa séð brotþola með sama hníf í vinstri hendi.

Nánar spurð um atvikið í eldhúsinu kvaðst ákærða hafa staðið við vaskinn er ákærði hefði komið og hún hefði snúið sér við. Ákærða kvaðst ekki hafa séð áverka á brotþola en hún hefði séð hann sitja í svefnherberginu og halda við sár. Síðar kvaðst hún þó hafa séð blóð leka úr honum. Hún sagðist hafa viljað hringja á sjúkrahúsið en hann hefði ekki viljað það og öskrað á sig. Hún kvaðst samt hafa hringt á sjúkrahúsið og náð sambandi eftir nokkra stund. Ákærða neitaði alfarið að hafa farið inn í bifreið brotþola eða eitthvað átt við hana.

Undir ákærðu var borin skýrsla hennar hjá lögreglu þar sem hún hélt því fram að brotþoli hefði rekið sig í hnífinn. Hún kvaðst ekki hafa borið á þennan hátt hjá lögreglu. Hún hefði sagt að verið gæti að hún hefði verið með eitthvað í hendinni. Hún hefði aldrei sagt að hún

hefði verið með hníf í hendi. Framburður brotþola hjá lögreglu var borinn undir ákærðu. Hún kvað hann hafa búið þetta til. Borið var undir ákærðu það sem haft er eftir henni í frumskýrslu og að framan var rakið. Hún kvað þetta hafa verið svar við hótun brotþola um að drepa hana. Ákærðu var bent á niðurstöðu alkóhólrannsóknar og kvaðst hún ekki muna hvað hún hefði drukkið mikið en hún hefði ekki drukkið sterkt áfengi. Ákærðu var sýnd mynd af hnífnum sem um ræðir og kannaðist hún við hann. Dóttir hennar ætti hnífinn og hefði hann verið á heimilinu sem um ræðir í ákæru. Hún kvaðst ekki hafa handleikið hnífinn í þetta skipti en brotþoli hefði gert það.

Brotþoli kvaðst hafa komið heim til sín um kvöldið. Ákærða hefði verið þar og verið ölvuð. Hún hefði verið reið út í föður barnabarns síns vegna þess að hann hafði hringt í hana um kvöldið. Kvöldið hefði liðið við það að ákærða hefði haldið áfram að drekka en hann hefði verið í stofunni. Hún hefði drukkið viskí. Hann kvaðst hafa komist að því síðar að faðirinn hefði hringt í lögregluna vegna þess að barnið hefði kvartað við hann út af ákærðu. Brotþoli kvað ákærðu hafa drukkið meira og eins hefði hún farið út og sest fyrir framan bílskúrinn. Hann kvaðst hafa farið til hennar og þá hefði hún sagt að einhver hefði ráðist á hana. Þau hefðu farið inn og hún hefði sest í sófann og sofnað. Hún hefði vaknað og öskrað eitthvað um föður barnsins en sofnað svo aftur. Eftir það kvaðst brotþoli hafa farið að sofa. Eftir að hafa sofið í einn til tvo tíma kvaðst brotþoli hafa vaknað við að ákærða hefði kveikt ljós í herberginu og öskrað á sig. Hann kvaðst hafa staðið upp, tekið um axlir ákærðu og ýtt við henni til að koma henni út úr herberginu. Þegar hann kom að henni kvaðst hann hafa fundið fyrir stungu en hún hefði stungið hann með hnífi. Eftir þetta kvaðst brotþoli hafa ákveðið að hringja í sambýliskonu sína, dóttur ákærðu. Hann kvað ákærðu hafa gengið að sér með hníf meðan hann talaði við sambýliskonuna. Brotþoli kvaðst svo hafa læst sig inni í svefnherbergi og ekki opnað fyrr en lögreglan var komin. Brotþoli kvaðst ekki hafa séð hnífinn. Þá lýsti hann leit sinni að sínum en ekki vissi hann hversu langur tími leið frá stungunni og þar til hann hringdi í sambýliskonuna. Hún hefði sagt sér að læsa sig inni í svefnherberginu þar til lögreglan kæmi. Hann kvaðst hafa komið á bifreið sinni úr vinnu og ekki hafa farið inn í hana eftir það. Bifreiðin hefði verið ólæst. Þá kannaðist hann ekki við að maður hefði komið inn í húsið þetta kvöld. Eftir vinnu þennan dag kvaðst hann hafa drukkið tvo bjóra og verið ódrukkinn. Hann kvaðst muna vel atburði kvöldsins allt þar til hann var stunginn.

Sambýliskona brotþola og dóttir ákærðu skoraðist undan því að bera vitni.

Önnur dóttir ákærðu bar um áfengisneyslu ákærðu almennt en þar eð hún var ekki vitni að því sem hér er til umfjöllunar verður framburður hennar ekki rakinn.

Kona, sem dóttir ákærðu hringdi í um eittleytið aðfaranótt 10. nóvember, kvað dótturina hafa hringt í sig frá útlöndum og verið í miklu uppnámi. Hún hefði sagt að hún væri hrædd því allt væri í blóði heima hjá henni. Konan kvaðst hafa spurt eftir dótturdóttur ákærðu sem átti að

vera á heimilinu og eins hvort búið væri að hringja í lögregluna. Konan kvað dótturina hafa sagt sér að hún væri svo hrædd að hún þyrði ekki að hringja í lögregluna. Þá kom fram hjá dótturinni að brotþoli vildi ekki hringja í lögregluna. Konan kvaðst svo hafa tekið af skarið og hringt í neyðarlínuna.

Lögreglumaður sem kom á vettvang og ritaði frumskýrslu málsins staðfesti hana. Hann kvaðst hafa komið á heimilið tvisvar sinnum. Í fyrra skiptið hafi faðir dótturdóttur ákærðu hringt og sagt að ákærða væri að gæta barnsins og hún væri drukkin. Lögreglumenn hefðu farið á vettvang og hefði brotþoli þá verið kominn heim. Þeir hefðu rætt við barnið sem hefði sagt að allt væri í lagi af því að brotþoli væri kominn heim. Hann kvað ákærðu hafa verið mjög ölvaða. Í síðara skiptið hefði verið tilkynnt að hugsanlega hefði maður verið stunginn á heimilinu. Lögreglumenn hefðu farið á vettvang og kvað hann þá hafa séð blóð á útihurð og á stéttinni. Inni hafi einnig verið blóð inn eftir gangi. Þegar lögreglumenn komu inn hefði brotþoli komið út úr svefnherbergi og hefði blóð fossað undan treyju hans og yfir buxurnar. Þeir létu hann leggjast meðan beðið var eftir sjúkraliði. Hann kvað ákærðu hafa komið út úr stofu og verið ofurölvi sem fyrr. Buxur hennar hafi verið blóðugar og þess vegna hefði verið ákveðið að handtaka hana. Ákærða var handjárnuð og færð í lögreglubifreið. Lögreglumaðurinn kvað brotþola hafa sagt að hann vildi ekki lögreglu og ekki sjúkrahúsi. Hann kvað ákærðu hafa sagt að brotþoli hefði verið að lemja hana og að hún hefði stungið hann. Hann kvað þá ekki hafa séð áverka á ákærðu.

Rannsóknarlögreglumaður, sem rannsakaði málið, staðfesti gögn sem hann vann. Hann kvaðst hafa komið á vettvang en kvatt til tæknideild til að rannsaka vettvang. Þá kvaðst hann hafa reynt að ræða við ákærðu, en hún hefði hrækt og öskrað. Eins hafi verið mikil áfengislykt af henni. Hún hefði hins vegar lítið vilja tjá sig um hvað hefði gerst. Hann kvað ákærðu hafa sagt að maður hefði komið í húsið fyrr um kvöldið. Þetta hefði verið rannsakað en hvorki brotþoli né barnabarn ákærðu hefðu kannast við þetta. Þetta var því ekki rannsakað frekar.

Rannsóknarlögreglumaður í tæknideild lögreglunnar og sérfræðingur hjá deildinni staðfestu gögn sem þeir unnu og eru meðal gagna málsins. Gerð var grein fyrir þessum gögnum í II. kafla. Eins kom fyrir dóminn sérfræðingur hjá rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði og staðfesti niðurstöður rannsókna á blóðsýnum úr ákærðu og brotþola.

Læknir, sem skoðaði ákærðu í fangaklefa og ritaði framangreint vottorð, staðfesti það. Hann kvað ákærðu hafa verið mjög æsta og barið í vegg og hurð fangaklefans. Hún hefði þó fljótt róast. Varðandi geðrofsástand sem lýst er í vottorðinu kvað hann það hafa getað verið mikla reiði enda hefði hún verið orðin mjög róleg þegar hann kvaddi. Læknirinn kvað ákærðu hafa verið undir áhrifum áfengis. Hann hefði ekki rannsakað það en tekið henni blóð til alkóhólrannsóknar.

Læknir, sem skoðaði brotaþola á sjúkrahúsi og gerði aðgerð á honum, staðfesti framangreint vottorð sitt. Hann kvað stunguna hafa komið framan á brotaþola, lent á rífi og runnið með fram rifjakökunni og aftur í bakvöðvann. Þar hefði hnífurinn rekist í tvær slagæðar og frá þeim hefði blætt kröftuglega þegar komið var með brotaþola á sjúkrahúsið. Það hefði getað orðið lífshættulegt fyrir hann hefði hann ekki komist undir læknishendur. Hefði hnífurinn farið milli rifja hefði hann getað farið inn í brjósthol. Þar er lunga sem hnífurinn hefði stungist í ef hann hefði farið inn í brjóstholið. Hann kvað stungusárið hafa verið djúpt og mikið hafi blætt frá því. Hefði brotaþoli ekki komist undir læknishendur hefðu afleiðingarnar getað orðið mun alvarlegri.

Geðlæknir og sálfræðingur, sem gerðu framangreinda rannsókn á ákærðu, staðfestu hana. Þar á meðal staðfestu þau að ákærða væri sakhæf, eins og rakið var. Hjá geðlækninum kom fram að hann væri ekki viss um hvort ákærða gerði sér grein fyrir öllum málavöxtum vegna þess hversu ölvuð hún hefði verið. Hann kvað aldrei hafa komið fram hjá henni að hún viðurkenndi verknaðinn en hún hefði verið að leita eftir skýringum hjá sér á því sem gerðist. Atburðurinn hefði legið þungt á henni. Hann kvað gögn sýna að ákærða hefði ekki verið í geðrofsástandi þegar hún var handtekin. Hún hefði verið ölvuð og heiftarlega reið. Þá hefði hún verið mjög upptekin af barnabarni sínu á þessu augnabliki. Sálfræðingurinn kvað sambland af ölvun, reiði út í brotaþola og vænisyki ákærðu geta verið skýringar á því sem gerðist. Hún kvað ákærðu kenna brotaþola um það sem gerðist og telja hann jafnvel hafa skaðað sig sjálfur. Þá hefði komið fram að ákærða teldi jafnvel saksóknara vera að búa þetta til.

Réttarmeinafræðingur kom fyrir dóm og staðfesti framangreinda rannsókn sína. Hann kvað annan mann hafi valdið áverka á brotaþola. Afar ólíklegt væri að um sjálfsáverka hefði verið að ræða. Benti hann meðal annars á að stungan hefði farið í gegnum föt. Hann kvað áverkanum hafa verið valdið með skörpum krafti sem hefði beinst að brjóstkassanum. Miðað við áverkann væri mjög langsótt að álykta að brotaþoli hefði gengið á hnífinn. Áverkinn hefði verið lífshættulegur hefði brotaþoli ekki fengið meðferð á sjúkrahúsi. Hnífurinn hefði lent í slagæðum sem hefði getað valdið því að brotaþola blæddi út. Hann kvað gögn málsins sýna að ákærða hafi borið áverka og gætu þeir hafi komið við handtöku hennar.

IV

Ákærða neitar sök. Hér að framan var gerð grein fyrir framburði hennar, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Eins og þar kom fram hefur framburður ákærðu verið á reiki þótt hún hafi frá upphafi neitað að hafa stungið brotaþola. Er þá undanskilið það sem haft er eftir henni í frumskýrslu lögreglu og að framan var rakið. Brotaþoli hefur á hinn bóginn verið staðfastur í sínum framburði um að ákærða hafi vakið hann og stungið, eins og rakið var. Framburður hans fær stuðning af skýrslu og framburði lögreglumanns sem bar að brotaþoli hefði komið

blóðugur út úr svefnherbergi þegar lögreglumenn komu á vettvang. Þá fær framburður brotþola stuðning af framburði réttarmeinafræðings sem taldi afar ólíklegt að brotþoli hefði sjálfur valdið áverkanum. Loks ber að nefna niðurstöðu DNA-rannsóknarinnar sem sýndi að blóð í fötum ákærðu var úr brotþola. Ákærða bar um komu manns í húsið og hefði hann átt erindi við brotþola. Brotþoli hefur neitað því að nokkur hafi komið í húsið á þessum tíma. Engin gögn styðja þennan framburð ákærðu og er það niðurstaða dómsins að hann eigi ekki við rök að styðjast. Dómurinn hafnar einnig, sem fjarstæðukenndum, þeim framburði ákærðu að brotþoli hafi gengið á hnífinn.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins að leggja til grundvallar úrlausn málsins trúverðugan framburð brotþola, sem var hinn sami hjá lögreglu og fyrir dómi. Að sama skapi hafnar dómurinn framburði ákærðu og metur hann ótrúverðugan. Framburður hennar hefur ekki verið staðfastur og gögn málsins styðja hann ekki. Ákærða verður því sakfelld fyrir það sem henni er gefið að sök í ákærinni. Ákærða lagði til brotþola með stórum hnífi og kom lagið í brjóstkassann, eins og lýst hefur verið. Að áliti læknis og réttarmeinafræðings var stungan lífshættuleg. Ákærðu hlaut að vera ljóst að það gæti verið lífshættulegt að leggja til brotþola á þann hátt sem hún gerði. Samkvæmt þessu er brot hennar rétt fært til refsíákvæðis í ákærinni.

Ákærðu hefur ekki áður verið refsað. Hún er á 71. aldursári. Með hliðsjón af þessu og svo að teknu tilliti til atvika allra er refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hennar, eins og í dómsorði segir.

Miskabætur til brotþola eru hæfilega ákveðnar 800.000 krónur. Þá verður ákærða dæmd til að greiða honum 12.700 krónur í sjúkrakostnað. Fjárkröfur brotþola á hendur henni að öðru leyti styðjast ekki við ákæruefnið og er þeim vísað frá dómi. Ákærða verður því dæmd til að greiða brotþola 812.700 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Það athugast að ákærðu var birt bótakrafan við þingfestingu og skulu dráttarvextir reiknast frá þeim degi er liðnir eru 30 dagar frá henni.

Samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti er ákærða krafin um 2.873.172 krónur í sakarkostnað. Stærsti liðurinn, 2.580.450 krónur, er vegna reikninga geðlæknis og sálfræðings sem dómkvaddir voru til að meta geðhagi, áfengisneyslu og fleira varðandi ákærðu. Átti þessi rannsókn meðal annars að segja til um sakhæfi hennar. Þessi rannsókn var svo viðamikil að geðlæknirinn, sem hefur 30 ára reynslu sem matsmaður í svona málum, lét þess getið við aðalmeðferð að þetta væri umfangsmesta rannsókn sem hann hefði annast á sínum ferli. Miðað við hvernig málið lá fyrir á rannsóknarstigi verður ekki séð að þörf hafi verið á svo umfangsmikilli rannsókn á högum ákærðu. Það er því ekki fallist á að allur þessi kostnaður hafi verið óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar málsins, sbr. 1. mgr. 233. gr. laga nr. 88/2008. Hins vegar er ljóst að rannsaka þurfti geðhagi ákærðu að einhverju marki. Gögn

málsins gefa hins vegar ekki tilefni til að skipta þessum kostnaði og er það því niðurstaða dómsins að leggja hann á ríkissjóð en dæma ákærðu til að greiða sakarkostnað að öðru leyti eins og í dómsorði greinir.

Loks verður ákærða dæmd til að greiða málsvarnarlaun verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotþola, eins og í dómsorði segir. Málsvarnarlaun og þóknun eru ákveðin með virðisaukaskatti í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp dóminn, en honum var falin meðferð málsins með bréfi Dómstólasýslunnar 7. mars síðastliðinn.

D ó m s o r ð:

Ákærða, X, sæti fangelsi í fjögur ár, en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 10. nóvember 2018.

Ákærða greiði A... 812.700 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 10. nóvember 2018 til 15. mars 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði 292.722 krónur í sakarkostnað en að öðru leyti skal hann greiddur úr ríkissjóði. Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar lögmanns, 3.288.480 krónur og aksturskostnað, 66.000 krónur.

Ákærða greiði þóknun réttargæslumanns brotþola, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 922.250 krónur og 22.272. krónur í aksturskostnað.

Arngrímur Ísberg